

**Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]**

um breyting á tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851, um eftirlaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.  
5. og 6. gr. falli niður.
2. gr.  
Ákvæði 5. töluliðs 7. gr. og 4. töluliðs 11. gr. falli niður.
3. gr.  
Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er lagt til, að þau ákvæði tilsk. 31. maí 1855 séu niður felld, sem mæla fyrir um skerðingu lífeyrisréttinda, vegna þess að lífeyrisþegi hafi framið refsiverðan verknað. Eru þessi ákvæði mjög óeðlileg, enda er frá þeim horfið í yngri lögum um lífeyrisréttindi.

Að öðru leyti má vísa til grg., sem fylgdi ofangreindu frv., er það var lagt fyrir Alþingi 1957 (þskj. 217).